

Félag fornleifafræðinga fagnar fyrirhugaðri þingsályktunartillögu og telur hana ákaflega vandaða. Vísað er til fyrri umsagnar Félagsins um þetta mál, en Félagið er þó enn þeirra skoðunar að fjármagnið eigi best heima innan Fornminjasjóðs, sem er samkeppnissjóður á sviði minjaverndar. Sjóðurinn hefur leyfi til þess að leggja sérstaka áherslu á málefni í sinni úthlutun (eins og skráningu minja sem eru í hættu vegna náttúruvárar). Minjastofnun Íslands úthlutar úr sjóðnum. Í núverandi fjárlagafrumvarpi er boðaður harkalegur niðurskurður á Fornminjasjóði, alls um 57 milljónir, sem mun gera hann nánast óstarfhæfan (sjá t.d. umsögn Andrésar Skúlasonar, formann Fornminjanefndar, við Fjárlög 2024). Hægt væri að tryggja fjármagn til sjóðsins með þessari þingsályktunartillögu og jafnframt tryggja fagleg gæði við úthlutun. Endi fjármagnið hjá ráðuneyti er líklegt að fari verði í útboð sem er góð leið til þess að lágmarka kostnað en það getur verið vandasamt að tryggja fagleg gæði með slíku fyrirkomulagi. Þetta er hins vegar útfærsluatriði og hvoru megin hryggjar sem fjármagnið endar þá væri það mikið gleðiefni fyrir minjavernd á Íslandi.

Þingsályktunartillagan er sömuleiðis mjög jákvæð á tímum þar sem Ríkisstjórnin hefur lagt fram drög að umdeildu frumvarpi í samráðsgátt (mál 168). Í frumvarpinu er stefnt að því að sameina Minjastofnun Íslands við Þjóðgarða og gömlu náttúruvernd ríkisins. Þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar þeirra sem starfa við minjavernd að stjórnslá minjaverndar eigi litla, ef einhverja samleið með náttúruvernd – hvað þá rekstri þjóðgarða – virðist ríkisstjórnin hins vegar enn stefna að því að veikja minjavernd á Íslandi allverulega með þessari fyrirhugaðri sameiningu. Í reynd er verið hrinda minjavernd fyrir ætternisstapa verði þessi sameining að veruleika.

Félag fornleifafræðinga gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um skráningu menningarminja og þakkar fyrir það tækifæri að fá að leggja inn umsögn. Félagið er reiðubúið að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um fornleifar, húsvernd, stöðu skráningar á fornleifum, standandi byggingum og öðrum minjum, sé þess óskað.

Fyrir hönd stjórnar Félags fornleifafræðinga,
Gylfi Helgason